

Stefndi, Guðmundur W. Stefánsson, skal greiða stefnanda, Jósep H. Þorgeirssyni, kr. 316.190,00 auk dómvaxta af þeirri fjárhæð frá 16. júní 1982 til greiðsludags og kr. 56.018,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvember 1985.

Nr. 77/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Jóni Kristinssyni**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Bifreiðar. Of hraður akstur. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn stöðvunarskyldu. Réttarfarsannmarkar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1985 og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar, en frá þeirri kröfu hefur verið fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí 1985.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði verjandi ákærða kröfu um, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Fyrir kröfu þessari færði verjandinn eftirfarandi rök: „Í fyrsta lagi að rannsókn málsins í héraði hafi verið verulega áfátt. Í öðru lagi að málið hafi ekki verið dæmt af hlutlausum dómara, en sá háttur að sami maður hafi afskipti af málinu sem lögreglustjóri (fulltrúi lögreglustjóra) og

dómari (fulltrúi dómara) brjóti í bága við meginreglur 2. og 61. greinar stjórnarskrárinnar og 6. greinar Evrópuráðssamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.“

Samkvæmt íslenskri dómstólaskipun er dómssvald í héraði utan Reykjavíkur í höndum bæjarfógeta og sýslumanna, sem hafa jafnframt lögreglustjórn á hendi. Þykir héraðsdómur eigi verða ómerktur af þeim sökum, að fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri fór með mál þetta. Þá hefur heldur eigi verið sýnt fram á nein sérstök atriði, sem valdi vanhæfi bæjarfógetans né þessa fulltrúa hans.

Rannsókn máls þessa fór fram fyrir dómi, svo sem heimilað er í 3. mgr. 73. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 11. gr. laga nr. 107/1976. Við meðferð málsins eftir útgáfu ákæru kom einungis ákærði sjálfur fyrir dóm. Hann kvað vera mega að fyrra ákæruatriðið (of hraður akstur) væri rétt, en síðara atriðinu (broti á stöðvunar-skyldu) bar hann á móti. Hann mótmælti framburði lögregluþjón-anna og hélt því m.a. fram, að þeir hefðu verið að hafa afskipti af öðrum ökumanni, er ákærði ók inn á gatnamótin. Hefði dómara verið rétt, er svo var komið, að kveðja lögregluþjónana fyrir dóm sem vitni, kynna þeim mótbárur ákærða og kanna, hvort samræmi fengist með samprófun. Þetta gerði dómari ekki, heldur tók hann málið til dóms án frekari málsmeðferðar, eftir að ákærði hafði lýst yfir því, að hann óskaði ekki eftir verjanda.

Ekki þykir eiga að ómerkja hinn áfrýjaða dóm af þessum sökum, en þær leiða hins vegar til þess, að ekki þykja fram komin gögn í málinu, er nægi til sakfellingar samkvæmt 2. ákærulið.

Hins vegar þykir brot það, sem um ræðir í 1. ákærulið, sannað með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum, og varðar það við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 16/1977.

Refsing ákærða er samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976 hæfilega ákveðin 1.500,00 króna sekt og vararefsing sektar 2 daga varðhald.

Ákærði átti þess kost að gangast undir sektargreiðslu fyrir brot það, sem hann hefur játað að hafa framið og hann er sakfelldur fyrir í þessum dómi. Hann neitaði sáttarboðum. Er því ekki grundvöllur fyrir skiptingu sakarkostnaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, þó að ákærði sé nú sýknaður af hluta ákæruatriða. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu

sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristinsson, greiði 1.500,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga fyrir sektina, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Akureyrar 27. desember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 27. desember, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 107 þar í bæ af Sigurði Jónssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1283 og 1360/1984: Ákærvaldið gegn Jóni Kristinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. þ.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 23. nóvember 1984, „á hendur Jóni Kristinssyni, forstöðumanni, Byggðavegi 95, Akureyri, fæddum 2. júlí 1916 á Kambfelli, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, fyrir eftirgreind umferðarlagabrot á árinu 1984:

1) Fyrir að aka, miðvikudaginn 20. júní, bifreiðinni A-3088 suður Hörgárbraut á Akureyri með allt að 68 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli frá Skútum að Veganesti, en þar er leyfður hámarks-  
hraði 50 kílómetrar miðað við klukkustund.

2) Fyrir að aka sömu bifreið, þriðjudaginn 26. júní, norður Byggðaveg á Akureyri og viðstöðulaust inn á Þingvallastræti til austurs og þar með án þess að virða stöðvunarskyldu sem er á Byggðavegi fyrir umferð um Þingvallastræti.

Telst liður 1 varða við 3. mgr., stafliði a og j, 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., en liður 2 við 4. mgr. 48. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

*Liður 1.*

Miðvikudaginn 20. júní 1984, kl. 15:25, mældu lögreglumenn, sem voru við radarmælingar við Hörgárbraut á Akureyri, hraða bifreiðarinnar A-3088, sem var rauð Subaru fólksbifreið. Hraði bifreiðarinnar mældist 68 km miðað við klst. en hraðamælingin var gerð með ratsjá nr. 3 á vegarkafila frá Skútum að Veganesti, þar sem heimill ökuhraði er 50 km miðað við klst. Lögreglumennirnir stöðvuðu bifreiðina A-3088 og reyndist öku- maður hennar vera Jón Kristinsson ákærði í máli þessu.

Hér fyrir dómi fimmtudaginn 30. ágúst 1984 kvaðst ákærði ekki mót- mæla þeim hraða, sem kom fram við radarmælinguna, en kvaðst vera á móti því, að mælt væri á þessum stað, sem sé neðan við bratta brekku.

Vitnið Friðjón Árnason lögreglumaður, fæddur 22.09. 1956, kom hér fyrir dóm miðvikudaginn 12. september 1984. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa verið við radarmælingar í júnímánuði síðastliðnum ásamt Birni Snorrasoni lögreglumanni á lögreglubifreiðinni A-3536. Er þeir voru við mælingar á Hörgárbraut við austurenda hússins Skarðshlíð 22-28 með lögreglubifreiðina kyrrstæða, veittu þeir athygli bifreið ákærða, þar sem hún kom yfir hæðina og á radarinn yfir löglegum hraða. Að sögn vitnisins var þannig staðið að mælingu, að lögreglubifreiðin var kyrrstæð vestan við Hörgárbraut, og sneri framendi hennar í norður. Radarnum var beint út um afturglugga lögreglubifreiðarinnar þannig, að hann mældi hraða þeirra bifreiða, sem komu úr norðri. Þegar búið var að festa hraðatölu ákærða í radarnum, kvaðst vitnið hafa farið út úr lögreglubifreiðinni í því skyni að stöðva akstur ákærða, en segir, að ákærði hafi ekki stöðvað, sennilega vegna þess að hann hafi ekki veitt vitninu athygli. Vitnið kvaðst nú hafa farið aftur inn í lögreglubifreiðina og þeir lögreglumennirnir hafi síðan ekið á eftir bifreið ákærða og stöðvað akstur hans með rauðum blikkljósum, er hann var kominn á Tryggvabraut. Vitnið sagði öruggt, að kærði hafi ekki rengt mælinguna, og sagði hann hafa viðurkennt að hafa ekið yfir löglegum hámarkshraða og sagst ekki standa á bremsunni, er hann væri að aka niður brekku. Vitnið sagði ratsjána hafa verið prófaða fyrir og eftir mælinguna.

Vitnið Björn Snorrason lögreglumaður, f. 02.02. 1939, kom hér fyrir dóm föstudaginn 21. september 1984. Vitnið kvaðst hafa verið á lögreglu- bifreiðinni A-3536 norðan við Veganesti ásamt lögreglumanninum Friðjóni Axfjörð Árnasyni við radarmælingar síðastliðið sumar. Að sögn vitnisins var þannig staðið að mælingunni, að lögreglubifreiðinni var lagt vestan Hörgárbrautar og norðan Undirhlíðar, og sneri framendi hennar í suður, en mældur var hraði þeirra bifreiða, sem komu niður brekkuna að norðan og ratsjanni beint út um afturgluggann á lögreglubifreiðinni. Vitnið kvaðst

minnast þess, er bifreið ákærða kom inn á ratsjána á of miklum hraða, en vitnið mundi ekki, hversu mikill hraði hans mældist. Þeir lögreglumennirnir stöðvuðu akstur ákærða á Tryggvabraut og höfðu tal af honum. Að sögn vitnisins viðurkenndi ákærði að hafa ekið of hratt, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort hann viðurkenndi að hafa ekið á þeim hraða, sem ratsjain sýndi, en vitnið man, að ákærði sagði þá ekki geta ætlast til þess, að hann stæði á bremsunni niður brekku.

Ákærði kom aftur hér fyrir dóm þriðjudaginn 4. desember sl., og var honum þá birt ákæran. Ákærði sagði, að það gæti vel verið rétt, sem segði í lið 1 í ákærinni.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við radarmælingu og framburð lögreglumannanna Björns Snorrasonar og Friðjóns Árnasonar, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og þykir háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

### *Liður 2.*

Þriðjudaginn 26. júní 1984, um kl. 16:40, voru lögreglumennirnir Gunnar Jóhannsson og Aðalsteinn Bernharðsson á eftirlitsferð. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni A-3088, rauðri Subaru Station bifreið, er henni var ekið norður Byggðaveg inn á Þingvallastræti til austurs. Lögreglumennirnir töldu ákærða, sem var ökumaður bifreiðarinnar, ekki hafa virt stöðvunarskyldu, sem er á Byggðavegi gagnvart umferð, sem fer um Þingvallastræti, og stöðvuðu þeir því akstur bifreiðarinnar og höfðu tal af ákærða.

Hér fyrir dómi fimmtudaginn 30. ágúst 1984 sagði ákærði, að hann hafi örugglega sinnt stöðvunarskyldu. Hann kvaðst hafa stöðvað bifreið sína við stöðvunarlinuna, en kvaðst síðan hafa látið hana renna ca hálfa billengd áfram, til þess að hann sæi vestur götuna, en trjágróður byrgir þarna útsýni. Ákærði kvaðst hafa mótmælt því strax, að hann hafi ekki sinnt stöðvunarskyldunni.

Vitnið Gunnar Jóhannes Jóhannsson lögreglumaður, f. 07.11. 1957, kom hér fyrir dóm þriðjudaginn 4. september 1984. Vitnið kvaðst minnst þess, að það hafi verið í lok júnímánaðar 1984, að það var ásamt Aðalsteini Bernharðssyni lögreglumanni að fylgjast með því, hvort menn virtu stöðvunarskyldu á gatnamótum Byggðavegar og Þingvallastrætis. Að sögn vitnisins voru þeir lögreglumennirnir við austurbrún Þingvallastrætis er þeir sáu bifreið ákærða, rauðan Subaru, koma að gatnamótunum norður Byggðaveg úr suðri og aka hiklaust inn á Þingvallastrætið án þess að stöðva við stöðvunarskylduna, en engin umferð var þá austur Þingvallastrætið vestan Byggðavegar. Ákærði hægði ferðina, áður en hann kom að gatnamótunum, en vitnið sagði það alveg öruggt, að bifreið hans hafi ekki numið

staðar. Þeir lögreglumennirnir stöðvuðu akstur ákærða rétt austan Byggðavegar, og var framburður hans þá á reiki að sögn vitnisins. Í fyrstunni sagði hann ákveðið, að hann hefði stöðvað við stöðvunarskylduna, en er gengið var á hann, sagðist hann hafa sett í annað gangstig og hægt ferðina.

Vitnið Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður, f. 06.02. 1954, kom hér fyrir dóm mánudaginn 29. október sl. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa verið við gatnamót Byggðavegar og Þingvallastrætis ásamt lögreglumanninum Gunnari Jóhannssyni, og voru þeir að fylgjast með því, hvort menn virtu stöðvunarskyldu, sem er á Byggðavegi gagnvart umferð um Þingvallastræti. Vitnið kvaðst minnst þess, er ákærði kom að gatnamótunum á bifreið sinni úr suðri og ók hiklaust og mjög ákveðið inn á gatnamótin og beygði Þingvallastræti til austurs. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hægði ferð bifreiðar sinnar, áður en hann kom að gatnamótunum, en sagði, að hann hefði ekki verið á mikilli ferð. Þeir lögreglumennirnir fylgdust með þessu af bifhjólum, sem stóðu á norðurhluta Þingvallastrætis austan Byggðavegar og höfðu góða yfirsýn yfir gatnamótin. Gunnar Jóhannsson stöðvaði akstur ákærða á Þingvallastræti skammt austan gatnamótanna. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við ákærða.

Ákærði kom hér fyrir dóm vegna þessa máls þriðjudaginn 4. desember sl., og var honum þá birt ákæran. Ákærði sagði það ekki rétt, sem segir í lið 2 í ákærinni. Ákærði kvaðst hafa séð lögreglumennina ca 20-30 metrum austan við gatnamótin, og voru þeir að hafa afskipti af öðrum öikumanni. Annar lögreglumaðurinn sat inni í bifreið þess öikumanns, en hinn talaði við ákærða. Ákærði sagði ekki rétt, að lögreglumennirnir hafi verið á bifhjólum er þeir sáu akstur hans. Hann kvaðst engin bifhjól hafa séð og sagði, að lögreglumaðurinn, sem stöðvaði akstur hans, hafi komið frá bifreið, sem þeir voru að stöðva, áður en þeir stöðvuðu akstur ákærða. Ákærði sagði enga umferð hafa verið á Þingvallastræti, er hann fór inn á götuna, og sagði, að þess vegna hafi ekki verið ástæða til þess að stoppa lengi við gatnamótin.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir sannað með framburði lögreglumanna Gunnars Jóhannesar Jóhannssonar og Aðalsteins Bernharðssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í lið 2 í ákæru, og þykir háttsemi hans þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

### III

Ákærði er sakhæfur, fæddur 2. júlí 1916 í Eyjafjarðarsýslu, og hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1961 30.05. á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt f. brot á umfl. og lögr. samþ.

Með ofangreindri háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. l. nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristinsson, greiði 3.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1985.

Nr. 201/1983. **Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna**

(Ólafur Gústafsson hdl.)

gegn

**Rauða Krossi Íslands**

(Jón Gunnar Zoëga hdl.)

Lífeyrissjóðir. Endurgreiðslukrafa. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s.m. Dómkröfur hans eru, að stefndi greiði áfrýjanda 164.350,46 krónur með 43,5% ársvöxtum af 57.757,62 krónum frá 1. janúar 1980 til 14. nóvember s.á., en með dómvöxtum skv. 1. gr. laga nr. 56/1979 af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1982, en af 164.350,46 krónum frá þeim degi